



[.....]¹

Reykjavík, 11. desember 2017

Málsnúmer: 2017110021
Skjalalykill: 13.3.5

Málefni: Ákvörðun um niðurfellingu máls vegna kvörtunar gagnvart Íslandsbanka

Vísað er til kvörtunar þinnar, dags. 30. október 2017, og annarra samskipta vegna óumbeðinna fjarskipta [.....]². Póst- og fjarskiptastofnun telur mál þetta nægilega upplýst. [.....]³ hefur viðurkennt mistök sem fólust í því að nota tölvupóstfang þitt til útsendingar á kynningarefni og kveðst hafa afmáð tölvupóstfang þitt úr sínum skrá. [.....]⁴ gerir ekki ágreining um það að ekki hefði átt að senda þér umræddan póst. Þar með telur stofnunin ekki vera um að ræða ágreining í málinu sem skera þarf úr með ákvörðun.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur ákveðið að loka málinu. Ef þú óskar eftir nánari rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun, skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, þá þarft þú að leggja fram slíka ósk innan 14 daga frá móttöku þessa bréfs.

Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar eru kærarlegar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála og skal kæra berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar sbr. 13. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun og 5. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Sem neytanda ber kvartanda þó ekki að greiða umrætt málskotsgjald.

Virðingarfyllst,

Sigurjón Ingvason

¹ Fellt brott vegna trúnaðar

² Fellt brott vegna trúnaðar

³ Fellt brott vegna trúnaðar

⁴ Fellt brott vegna trúnaðar